

GREINARGERÐ

stefnda Þorvaldar Gylfasonar
í hæstaréttarmálinu nr. 103/2014:

Jón Steinar Gunnlaugsson
gegn
Þorvaldi Gylfasyni

I. Málflutningsumboð:

Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl., kt. 030475-5429, Rétti – Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnda.

II. Kröfugerð stefnda:

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði héraðsdómur verði staðfestur með þeim breytingum að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa gagnáfrýjanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

III. Málsatvik:

Málsatvikum er lýst í greinargerð stefnda til héraðsdóms (ágrip bls. 11-12) og hinum áfrýjaða dómi (ágrip bls. 259-263).

IV. MÁLSÁSTÆÐUR:

Um málsástæður vísar stefndi til greinargerðar sinnar í héraði, bls. 13-17 í ágripi og til greinargerðar í gagnsök.

Stefndi vísar til bls. 262-264 í ágripi varðandi forsendur hins áfrýjaða dóms. Telur stefndi að fallast megi á þær forsendur niðurstöðu héraðsdóms að því frátöldu að stefndi sættir sig ekki við forsendur niðurstöðu ákvörðunar héraðsdómara um málskostnað (bls. 263 í ágripi, 3. lína neðanfrá) og nánar er rakið í gagnáfrýjunarstefnu og greinargerð gagnáfrýjanda. Stefndi fellst á þá niðurstöðu héraðsdóms að ummælin hafi hvorki verið

móðgun, aðdróttun né að stefndi hafi borið aðdróttun út né séu ummælin óviðurkvæmileg.

Þá tekur stefndi fram með vísan til málsástæðna sinna um að ummælin séu endursögn frásagnar fjölmiðils (m.a. nánar á bls. 14 í ágripi, liðir 6 og 7) að ummæli stefnda ganga ekki lengra en frásögn téðs fjölmiðils á bls. 80 í ágripi. Í ummælum stefnda er ekki að finna neinar ályktanir aðrar en draga má af frásögninni sem birtist í DV, sbr. bls. 80 í ágripi. Slíkar ályktanir var stefnda heimilt að draga af frásögninni og eru þær verndaðar af tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár, sbr. 73. gr.

Að öðru leyti er stefndi samþykkur forsendum niðurstöðu hins áfrýjaða dóms en til viðbótar leyfir stefndi sér að vísa til greinargerðar sinnar í héraði bls. 10-17 í ágripi.

Mótmælt er fullyrðingu í greinargerð áfrýjanda að leggja verði til grundvallar að ummælin hafi almennt verið aðgengileg á vefsvæðum sem fjöldi gesta hafi sótt. Þó svo að stefndi geri ekki ágreining um að ummælin hafi verið aðgengileg á tilteknu vefsvæði þá felur það ekki á nokkurn máta í sér viðurkenningu á því að það tiltekna vefsvæði hafi „fjöldi gesta sótt“. Slík fullyrðing er úr lausu lofti gripin og henni mótmælt.

Tölulið 9 í greinargerð áfrýjanda um að aðdróttun verði ekki gerð hlutlaus með almennum fyrirvara heldur nægi að „gefa eitthvað í skyn“ er mótmælt sem nýrri málsástæðu sem er of seint fram komin. Reyndar er slík fullyrðing að auki efnislega röng.

Stefndi ber enga sönnunarbyrði um sannleiksgildi þess hvort áfrýjandi hafi „lagt drög að einni af kærunum“ sem um er rætt í ummælunum. Engin slík krafa verður gerð um sönnun á hendur stefnda að honum sé óheimilt að greina frá slíkum orðrómi ef hann getur ekki sjálfur fært sönnur á orðróminn efnislega. Slík krafa væri enda á skjön við skýr dómafordæmi Hæstaréttar sem og Mannréttindadómstóls Evrópu. Engin sönnunarkrafa væri heldur gerð á hendur stefnda hefði hann ekki tekið fram að um orðróm væri að ræða. Stefndi hefur á fullnægjandi máta sýnt fram á réttmæti fullyrðinga sinna eins og þau voru fram sett í ummælunum sem stefnt var vegna.

Rétt er að vekja athygli á því að í tölulið 11 á bls. 3 í greinargerð áfrýjanda viðurkennir áfrýjandi tilvist téðs orðróms, sem hann segir stefnda hafa verið að endursegja, og hefur þar með ráðstafað sakarefni málsins með bindandi hætti. Skal það hafa þá þýðingu að áfrýjandi hafi þar með fallið frá málsástæðum í stefnu, einkum kafla 3.4, bls. 5 í ágripi, um að orðrómurinn sé „meintur“ og að engar heimildir séu fyrir honum. Hefur stefndi raunar sannað tilvist orðrómsins, m.a. með vísan til fréttar á bls. 80 en allt að einu hefur nú áfrýjandi sjálfur viðurkennt tilvist hans með ofangreindum, bindandi hætti. Í þessu sambandi er efni töluliðs 22 einkennilegt þar sem áfrýjandi segist „ekki kannast við“ neinn orðróm, sem hann þó kannaðist við fyrr í sömu greinargerð. Þá er efni töluliðs 22 einkennilegt þar sem þar er horft alfarið fram hjá óumdeildri frétt DV á bls. 80 í ágripi sem staðfestir tilvist orðrómsins. Í bókun áfrýjanda sjálfs á bls. 167 í ágripi er því ekki mótmælt að dskj. 34 (bls. 80) sé ljósrit úr blaðinu DV 9. nóvember 2011.

Þá er mótmælt sérstaklega fullyrðingu í tölulið 18 á bls. 4 í greinargerð áfrýjanda um að héraðsdómur hafi enga afstöðu tekið til stöðu áfrýjanda sem „starfandi“ dómari við Hæstarétt. Rétt er að benda á að framsetning málsástæðu áfrýjanda í stefnu sem varðar ofangreint snýr alfarið að því að áfrýjandi hafi ekki látið af því embætti. Nánar tiltekið segir á bls. 3 í stefnu, 4. línu neðanfrá: *“auk þess sem þau [ummælin] eru til þess fallin að rýra traust til hans í þeirri viðkvæmu stöðu sem hann gegnir.”* Þessi málsástæða er þannig fram sett af hálfu áfrýjanda sjálfs að hún á ekki við eftir að hann hefur látið af embætti en það gerði hann 1. október 2012, mánuði áður en stefndi skilaði greinargerð sinni í héraði. Framsetning málsástæðunnar er slík að hún ætti einungis við ef áfrýjandi gegndi enn dómaraembætti. Það gerir hann ekki. Umfjöllun í tölulið 18 í greinargerð áfrýjanda er því ný málsástæða sem er of seint fram komin og mótmælt sem slíkri.

Með vísan til málsástæðna stefnda, m.a. liðir 3,4,9,11,12,13 og 15 í greinargerð stefnda til héraðsdóms (bls. 13-16 í ágripi) vísar stefndi til nýs skjals A sem er umfjöllun Eyjunnar um skoðanir áfrýjanda í tengslum við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í svokölluðu Al Thani máli og vísan áfrýjanda í því sambandi til 130. gr. alm. hgl. Eins og greinin sýnir telur áfrýjandi sér heimilt og skylt að gefa í skyn hugsanleg brot á téðu hegningarlagaákvæði í opinberri umræðu. Verður hann þegar af þeirri ástæðu sjálfur að þola slíkt hið sama, yrði talið á annað borð að í ummælum stefnda fælist umfjöllun um háttsemi sem fjallað er um í téðu lagaákvæði.

Ályktunum áfrýjanda um dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er sérstaklega mótmælt sem og túlkun og beitingu áfrýjanda á hugtökunum „aðdróttun“, „fullyrðing“, „gildisdómur“ og „staðhæfing um staðreynd“. Stefndi telur ályktanir áfrýjanda um mörk „staðhæfingar um staðreynd“ og „gildisdóms“ rangar bæði með vísan til dómaframkvæmdar MDE sem og Hæstaréttar Íslands.

Öllum fullyrðingum, málsástæðum og málatilbúnaði áfrýjanda sem fer í bága við málatilbúnað stefnda er mótmælt.

Að öðru leyti vísar stefndi til málsástæðna sinna í greinargerð stefnda til héraðsdóms bls. 11-17 í ágripi og til greinargerðar í gagnsök.

VI. Tilvísanir til lagaákvæða:

Sjá þar um greinargerð stefnda til héraðsdóms, bls. 17 í ágripi.

VII. Áskilnaður og ný gögn:

Áfrýjandi áskilur sér rétt til að koma að frekari málsástæðum og gögnum á síðari stigum málsmeðferðar. Með greinargerð þessari er lagt fram nýtt skjal A, viðtal við áfrýjanda á eyjan.is þann 14. janúar 2014 og nýtt skjal B, Pistill Jóhanns Haukssonar á DV.is 19. október 2012. Áskilinn er réttur til frekari gagnaöflunar.

VIII. Áætlaður ræðutími: Ein klukkustund.

Ítreka gerðar kröfur og legg málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík, 15. apríl 2014.



Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.

Til Hæstaréttar Íslands.